Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 05.02. 2014. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Tómas Gísli Guðjónsson, Gunnar Svavar Friðriksson, Reynir Magnússon, Guðbjörg Norðfjörð. Jóhanna Inga Hjartardóttir var fjarverandi. Inn á fund komu Magnús Baldursson fræðslustjóri, Guðmundur Sverrisson rekstarstjóri (fyrsta mál) og Guðrún Snorradóttir (annað mál)

1. **Skólaskipan á Völlunum**
   Magnús Baldurson og Guðmundur Sverrrisson frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kynntu nýjustu hugmyndir um hvernig leysa eigi húsnæðisvanda Hraunvallaskóla. Lagt er upp með að leikskóli haldi sínum lausu kennslustofum en smíðaðar verði 3 nýjar lausar kennslustofur fyrir grunnskóla. Þær verði staðstettar á reit við Fléttuvelli (við undirgöng). Umræður sköpuðust og nokkrar fyrirspurnir komu frá skólaráði um málið sem var jákvætt fyrir þessari lausn. Skólaráð lagði mikla áherslu á samráð við skólayfirvöld um hönnun byggingar, frágang á skólalóð og að umræddar byggingar yrðu tilbúnar um 15./20. júlí, þannig að skólastarf á nýju skólaári raskist ekki. Eftirfarandi ályktun var samþykkt.

   „Skólaráð Hraunvallaskóla tekur jákvætt í þær hugmyndir að byggðar verði 3 nýjar kennslustofur á lóð skólans við Fléttuvelli. Skólaráð leggur mikla áherslu á að umræddrar byggingar verði tilbúnar um miðjan júlí 2014 og að samráð verði haft við stjórnendur skólans um hönnun og frágang byggingar og skólalóðar.“

2. **Skólapúlsinn**
   Guðrún Snorradóttir teymisstjóri sjálfsmatsteymis Hraunvallaskóla kynnti Skólapúlsinn sem er sjálfsmatskerfi til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Kerfið nær til nemenda í 6.-10. bekk, foreldra og starfsmanna. Guðrún fór einnig yfir niðurstöður nýjustu mælinga um leið og hún sýndi fundarmönnum viðmót og uppbyggingu kerfisins.
3. **Fréttir af skólastarfi**
   Lars sagði frá setningu Lífshlaupsins sem fram fór fyrr um daginn. Upplýsti um framvindu þróunarverkefnisins Skrefi framar og um vinnu við nýja Aðalnámskrá grunnskóla.
4. **Skóladagatal 2014-2015**
   Farið var yfir skóladagatal fyrir næsta skólaár. Engar athugasemdir voru gerðar. Skóladagatalið verður þá næst lagt fyrir kennarafund.
5. **Önnur mál:**
   a. Fyrirspurn kom um hvort að skákkennsla væri við skólans. Lars sagði að svo væri ekki en 10. febrúar færi af stað 8 vikna námskeið fyrir nemendur í 1.-4. bekk.
   b. Rætt var lauslega um fjölmiðlaumfjöllun í DV um mötuneyti skólans.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland